

84. stjórnarfundur í Minjasafni Egils Ólafssonar haldinn á Minjasafninu á Hnjóti laugardaginn 21. maí 2011 kl. 10:00.

Mættir : Björgvin Sigurjónsson, Egill Ólafsson og Magnús Ólafsson.

Fundargerð ritar Magnús Ólafsson.

Dagskrá:

1. Starfslokasamningur við safnvörð
2. Upplýsingaskilti
3. Önnur mál

Magnús Ólafsson setti fundinn bauð fundarmenn velkomna.

Hér var gengið til dagskrár.

1. Undirritaður hefur verið starfslokasamningur við fyrrum safnsjóra Minjasafns Egils Ólafssonar á Hnjóti, Sigurbjörgu Ásgeirsdóttur. Sigurbjörg hefur verið frá störfum vegna veikinda. Vegna þessa hefur stjórn Minjasafnsins gengið frá ráðningu Maríu Óskarsdóttur á Patreksfirði til að sinna stöðu forstöðumanns fram í miðjan september nk. Samþykkt samhljóða.
2. Sótt var um leyfi til Skipulags- og byggingarnefndar Vesturbyggðar vegna uppsetningar tveggja upplýsingaskilta fyrir safnið. Á 150. fundi nefndarinnar föstudaginn 13. maí sl. var erindið samþykkt. Annað skiltið fari upp við safnið og hitt skiltið verði sett upp í Ósabatni á þar til gerðum áningarstað. Stefnt er að því að búið verði að koma skiltunum upp fyrir opnunartíma safnsins sem verður þriðjudaginn 24. maí nk.

3. Önnur mál

Verið er að leggja lokahönd á uppsetningu sýningarinnar „Fransmenn við Íslandsstrendur“ sem sett hefur verður upp í húsakynnum Minjasafnsins. Jafnframt má geta þess að rekstraraðilar kaffiteríunnar eru að leggja lokahönd á að koma sér fyrir.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11.55

Magnús Ólafsson
Björgvin Sigurjónsson
Egill Ólafsson